

Orðanefnd læknafélaganna

Fundur var haldinn að Laugavegi 13, Reykjavík, þann 23. nóvember 2017 kl. 9:30, en þetta var 56. fundur nefndarinnar.

Mættir voru Jóhann Heiðar Jóhannsson, formaður nefndarinnar, Eyjólfur Þ. Haraldsson og Magnús Jóhannsson, en sá síðastnefndi ritaði fundargerð. Einnig sat fundinn Ágústa Þorbergsdóttir, deildarstjóri hjá Stofnun Árna Magnússonar.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar (19. okt. 2017) var samþykkt.

2. Orðabókarvinnan

a) Rætt var áfram um útgáfu þriðja heftis „Orðasafns í líffærafræði“. Prófarkalestri er nánast lokið, frágangi er einnig lokið og heftið er því tilbúið til prentunar. Komið er tilboð í prentun sem er í skoðun. Vonir standa til að heftið komi út í desember. Heftið verður til sölu en efni þess verður einnig aðgengilegt á netinu.

b) Orð og heiti sem tengjast „kven-“ og „karl-“, samtals 24 færslur; „homo-“ og „herm-“, samtals 29 færslur, og „insemination“ og „fertilization“, samtals 29 færslur, höfðu verið send fundarmönnum fyrir fundinn. Farið var yfir þessa lista á fundinum og gerðar fáeinar breytingar. Þær verða síðan birtar í Orðabankanum á næstu dögum.

c) Umfjöllun um færslur sem varða einhverfu (autism) var frestað til næsta fundar.

3. Næsti fundur

Næsti fundur er fyrirhugaður fimmtudaginn 14. des. 2017 kl. 9:30. JHJ mun boða þann fund og senda út orðalista til yfirlestrar.

Fundi var slitið um kl. 10:30.